

## GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald á Hellu árið 2004.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 45/2002, skal á árinu 2004 vera kr. 9.300. Gjaldddagi er 1. mars og eindagi 31. mars vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkalls-kostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfis-hafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 1. desember 2003 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2004 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 10. desember 2003.

*Hellu, 12. desember 2003.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra,

**Guðmundur Ingi Gunnlaugsson** sveitarstjóri.